



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

SAMÚÐARKVEÐJUR VEGNA HRYÐJUVERKA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur sent forseta Indlands, Hr. A.P.J. Abdul Kalam, einlægar samúðarkveðjur sínar og íslensku þjóðarinnar vegna hryðjuverkanna í Mumbai og þeirra hörmunga sem þau hafa leitt yfir þúsundir Indverja.

Í samúðarkveðjunum áréttar forseti Íslands að Indland hafi verið mikilvægt tákni þess hvernig lýðræðisleg stjórnskipan eigi að veita öllum trúarhópum jafnan rétt. Brýnt sé að hryðjuverkaöflum takist ekki að spilla þessari stefnu sem Indland hafi fylgt frá lýðveldisstofnun, stefnu sem hafi verið öðrum þjóðum fordæmi.

14. júlí 2006